

143. löggjafarþing 2013–2014.
Þingskjal 506 — 170. mál.

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um tekjur ríkissjóðs af hverjum ferðamanni.

1. Hvað komu margir ferðamenn hingað til lands árin 2002–2012?

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjölda erlendra ferðamanna sem komu hingað til lands árin 2002–2012. Gögnin eru frá Ferðamálastofu.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi ferðamanna	277.900	320.000	360.400	374.100	422.300	485.000	502.000	493.900	488.600	565.600	672.900
Breyting frá fyrra ári		15,15%	12,63%	3,80%	12,88%	14,85%	3,51%	-1,61%	-1,07%	15,76%	18,97%

2. Hverjar voru tekjur ríkissjóðs af hverjum ferðamanni að meðaltali framangreind ár, sett fram fyrir hvert ár á verðlagi ársins 2013?

Hagstofa Íslands hefur á undanförunum árum annast tölfræðivinnslu um áhrif ferðaþjónustu á tiltekna hagstærðir, eða allt fram til ársins 2012 þegar vinnslan stöðvaðist vegna fjárskorts. Síðustu tölur úr þeirri vinnu eru frá árinu 2009. Í eftirfarandi töflu koma fram áætlaðar beinar skatttekjur af hverjum ferðamanni tímabilið 2002–2009 samkvæmt umræddri vinnslu Hagstofunnar en fjárhæðir fyrir 2010–2012 eru áætlaðar út frá veltu erlendra greiðslukorta innan lands á grundvelli gagna frá Hagstofunni.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Skattar á ferðaþjónustu alls (millj. kr.)	8.859	9.688	10.652	10.953	12.307	11.954	13.064	13.389	13.406	17.198	20.630
Skattar á hvern ferðamann (kr.)	31.878	30.275	29.556	29.278	29.143	24.647	26.024	27.109	27.439	30.407	30.659
Skattar á hvern ferðamann (verðlag 2013)	59.046	54.944	52.002	49.528	46.215	37.201	34.860	32.420	31.137	33.177	31.801

Uppfærsla fjárhæða til verðlags 2013 tekur mið af breytingum á vísitölu neysluverðs.

3. Hverjar eru helstu skýringar á tekjumun milli ára?

Gengið er út frá þeirri forsendu að átt sé við þróun beinna skatttekna á föstu verðlagi á hvern ferðamann yfir tímabilið 2002–2012, sem sýnir umtalsverða lækkun í krónum talið. Ljóst er að margir samverkandi þættir liggja að baki þeirri lækkun sem erfitt er að meta hvern fyrir sig. Ráðuneytið hefur ekki yfir að ráða slíkri greiningu, en leiða má að því sterkar líkur að þessi mikla fjölgun ferðamanna feli í sér breytingar á samsetningu hópsins. Ýmsar kannanir virðast benda til þess að hver ferðamaður eyði lægri fjárhæðum hér á landi en í upphafi tímabilsins sem skoðað er. Gistimöguleikum hérlendis hefur til dæmis fjölgað verulega, sérstaklega í ódýrari kantinum, sem væntanlega á sinn þátt í að skapa grundvöll fyrir þeirri fjölgun sem orðið hefur. Lækkun virðisaukaskatts 1. mars 2007 úr 14% í 7%, á matvöru, veitinga- og gistiþjónustu, skýrir væntanlega einnig hluta af þessari þróun þar sem þau viðskipti veita ekki rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts eins og kaup á varanlegum varningi.